

Dómsorð:

Stefndi, Hafskip h/f, skal sýkn af kröfum stefnanda, Sölu-
stofnunar lagmetisiðnaðarins.

Hvor aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 25. október 1978.

Nr. 161/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Arnold Beinteini Bjarnasyni

(sjálfur).

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ákæra í máli þessu er eigi svo skilrík sem fyrir er mælt í
115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. nú 19. gr. laga nr. 107/1973.
Er ákærða gefið að sök að hafa margsinnis á árinu 1975 van-
rækt að skila verðlagseftirliti, með þeim hætti, sem krafist er,
verðútreikningum yfir innfluttar vörur, tollafgreiddar á tíma-
bilinu 15. janúar til 22. desember, og hafið sölu á þeim eða
ráðstafað þeim í umboðssölu, án þess að verðlagsyfírvöld
hefðu staðfest söluverð þeirra. Eigi er þess getið, um hve
margar vörusendingar var að ræða, um hverjar vörutegundir
var að ræða, hvenær þær komu til landsins og hvenær þær
voru tollafgreiddar. Í ákæru er ekki getið, að hverju leyti
vörur þessar voru háðar verðlagseftirliti, sbr. tilkynningu
verðlagsstjóra nr. 10/1957, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 188/
1960, sbr. nú 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 41/1976. Var þetta
ekki í ljós leitt, áður en ákæra var gefin út.

Ákæra í máli þessu er reist á rammsókn, sem eigi fullnægði

skilyrðum laga til málshöfðunar, og sjálf fullnægir ákæran eigi lagaskilyrðum. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, 35.000 krónur.

Ákærði, sem flutti mál sitt sjálfur fyrir Hæstarétti, krafðist málsvarnarlauna sér til handa. Eigi verður þeirri kröfu sinnt, sbr. 139. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 11. maí 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 11. maí, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni saka-dómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 251/1977: Ákæruvaldið gegn Arnold Beinteini Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 13. desember sl., á hendur ákærða, „Arnold Beinteini Bjarnasyni, Markarflöt 14 í Garðakaupstað, fæddum 30. janúar 1931 á Siglu-firði, framkvæmdastjóra Verslanasambandsins h.f., Skipholti 37 í Reykjavík, fyrir að hafa margsinnis á árinu 1975 vanrækt að skila verðlagseftirliti, með þeim hætti, sem krafist er, verðútreikningum yfir innfluttar vörur fyrirtækisins og tollafgreiddar þá á tímabilinu 15. janúar til 22. desember og hafið sölu varanna eða ráðstafað þeim í umboðssölu, án þess að verðlagsyfirköld hefðu staðfest söluverð þeirra.

Telst þetta varða við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10, 1. apríl 1957, 5. gr. reglugerðar um verðlagsmál nr. 188/1960, og 10. gr.,

sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54/1960, sbr. nú 6. og 7. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 17. mars 1976, kærði verðlagsstjóri ákærða, Arnold Beintein Bjarnason, f. h. Verslanasambandsins, Skipholti 37 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu í því að skila verðútreikningum fyrir vörur, sem fyrirtækið hafði flutt til landsins og höfðu verið tollafgreiddar. Var þess getið í bréfinu, að algerlega væri óheimilt samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957 að hefja sölu á vörunni, fyrr en verðreikningi hefði verið skilað og verð hennar staðfest, enda bæri innflytjendum að skila slíkum reikningi eigi síðar en 10 dögum eftir að varan hefði verið tollafgreidd.

Í kærubréfi verðlagsstjóra var þess getið, að verðútreikninga vantaði m. a. yfir eftirgreind tollafgreiðslunúmer: 2745 (15-1), 19988, 20122-3-4 (26-3), 21267-8-9-70 (4-4), 23013-4-5-6 (10-4), 26372 (23-4), 39740 (13-6), 67198 (1-10), 90237 (22-12).

Tölnurnar í svigunum á eftir númerunum eru tollafgreiðsludagar vörunnar, sem öll var tollafgreidd á árinu 1975.

Áðurgreindu kærubréfi fylgdi ljósrit af bréfi, sem verðlagsstjóri hafði sent fyrirtæki ákærða 18. júlí 1975, en í því var vakin athygli á vanrækslu allra tollafgreiðslanna, sem málið fjallar um, nema þriggja hinna síðastnefndu. Í niðurlagi þessa bréfs segir svo:

„Er þess vænst, að þér sendið skrifstofunni án frekari tafar verðútreikninga yfir hinar tilgreindu tollafgreiðslur, svo og þess, að þér fylgið framvegis í öllu settum reglum í þessu efni, svo eigi verði nauðsynlegt að grípa til annarra ráða þessu viðvíkjandi“.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að Verslanasambandið væri hlutafélag, sem annaðist innflutning á matvælum og byggingavörum. Kvaðst ákærði vera framkvæmdastjóri fyrirtækisins og hafa umsjón með daglegum rekstri fyrirtækisins.

Ákærði var spurður að því, hver væri ábyrgur fyrir því, að verðútreikningum væri skilað til verðlagsskrifstofunnar í sambandi við innflutning fyrirtækisins. Kvaðst ákærði vera ábyrgur fyrir þessu, enda þótt öðrum starfsmanni hefði verið falið þetta verkefni.

Ákærði sagði, að það væri rétt, að verðútreikningum hefði ekki

verið skilað vegna þeirra tollafgreiðslna, sem um getur í kæru verðlagsstjóra.

Ákærði sagði, að fyrirtækið starfaði bæði sem innflutningsfyrirtæki, sem flytti inn vörur, sem það endurseldi sjálft, og einnig sem umboðssali fyrir önnur fyrirtæki, sem fengju heilu sendingarnar, án þess að fyrirtæki ákærða hefði önnur afskipti af sendingunum en að tollafgreiða þær og fá síðan sín umboðslaun.

Ákærði sagði, að tollafgreiðslur þær, sem málið fjallar um, væru bæði eigin innflutningur fyrirtækisins og umboðssala svo og hefði einhvern tíma komið fyrir, að fyrirtækið hefði séð um tollafgreiðslu fyrir annað fyrirtæki, enda þótt það hefði ekki sjálft annast innflutning vörunnar. Ekki gat ákærði í fljótu bragði sundurgreint sendingarnar að þessu leyti.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt. Hann var ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til þess tilboðs og lét í ljósi þá skoðun sína, að tilkynning verðlagsstjóra nr. 10 frá 1957 um ákvörðun innflutningsskrifstofunnar, sem ekki væri lengur til, legði sér ekki neinar skyldur á herðar. Fékk ákærði frest til að taka afstöðu til sáttatilboðsins og var jafnframt skýrt frá því, að ef hann mætti ekki á tilgreindum degi, yrði litið svo á, að hann vildi ekki ljúka málinu með dómssátt. Varð málinu ekki lokið á þann veg.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að fyrirtæki ákærða skilaði ekki verðútreikningum yfir vörusendingar þær, sem málið fjallar um. Jafnframt er með eigin játningu ákærða sannað, að hann er ábyrgur fyrir þessari vanrækslu. Verður ekki á þá skoðun ákærða fallist, að tilkynning verðlagsstjóra nr. 10/1957 um ákvörðun innflutningsskrifstofunnar, sem ekki sé lengur til, leggi honum ekki neinar skyldur á herðar, enda hefur ákvæði um skyldu innflytjenda til að skila verðútreikningum til verðlagsstjóra ekki verið fellt úr gildi og hefur enn stoð í gildandi lögum og reglum, sbr. m. a. 10. gr. laga nr. 54/1960, sem ein sér mundi nægja til, að verðlagsstjóri gæti krafist innflytjendur um verðútreikninga.

Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1975 5/2 Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 10. gr. laga nr. 54/1960.

1976 2/3 Garðahr.: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga og reglum um stöðumæla.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Pá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Anrold Beinteinn Bjarnason, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 6 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. október 1978.

Nr. 166/1978. **Ríkissaksóknari**

gegn

yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Kærumál. Kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sakadómi Reykjavíkur verði dæmt skylt að